

Ársskýrsla Blindrafélagsins samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi fyrir starfsárið 2024-2025



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Ársskýrsla Blindrafélagsins
samtaka blindra og sjónskertra á Íslandi
fyrir starfsárið 2023-2024

Efnisyfirlit	1
Ársskýrsla Blindrafélagsins	3
Stjórn.....	3
Starfsmenn.....	3
Rekstrarniðurstaða	4
Aðal-, félags- og stjórnarfundir	4
Verkefni og fjáraflanir	5
Vörusala og tækjaleiga	5
Þjónustusamningar og styrkir	5
Styrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir árið 2023	5
Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg.....	5
Styrkur frá ÖBÍ réttindasamtökum	6
Aðrir styrkir og gjafir.....	6
Bakhjarlar	6
Happdrætti	6
Víðsjá	7
Jólakort	7
Leiðsöguhundaverkefnið.....	7
Fyrirtækjasöfnun	7
Rekstur Hamrahlíðar 17.....	7
Útleiga á húsnæði	7
Stækkun og endurbætur Hamrahlíðar 17	8
Áhersluverkefni og ferðaþjónusta	8
Ferðaþjónusta.....	8
Réttindagæsla	9
Alþjóðasamstarf	9
Tæknimál og tækniráðgjöf.....	9
Talgervilsraddirnar Karl og Dóra	10
Vefvarp Blindrafélagsins.....	10
Vefpula.....	10
Máltækniáætlun.....	10
BlindShell-farsímar	10
NaviLens.....	11
Opinn tími með tölvu- og tækniráðgjöfum	11
Aðgengismál	11
Mötuneyti Blindrafélagsins.....	12
Útgáfa og upplýsingaflæði.....	12
Félagsmál og jafningjastuðningur	13
Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn	13
Trúnaðarmenn	13
Félagsstarfið	14
Opið hús.....	14
Foreldradeild	15
Leiðsöguhundadeildin.....	15
Retina Ísland	16
Ungblind	16
Skemmtinefnd	16
Bókmenntaklúbbur	16
Kór	17

Sjónlýsingar.....	17
Heilsuklúbbur Blindrafélagsins.....	17
Íslenskunámskeið	17
Molar og kaffi	18
Prjónakaffi.....	18
Samstarfsaðilar innanlands	18
Lokaorð formanns	18
<i>Aðrar skýrslur.....</i>	<i>20</i>
Blindravinnustofan	20
Sjónstöðin.....	21
Hljóðbókasafnið	23

Ársskýrsla Blindrafélagsins

Ársskýrsla Blindrafélagsins fyrir starfsárið 2024–2025 gerir grein fyrir helstu áherslum, nýjungum og áskorunum í starfi félagsins á starfsárinu. Varðandi ítarlegri upplýsingar vísast í ársreikninga, fundargerðir aðal-, félags- og stjórnarfunda sem eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins.

Stjórn

Í stjórn Blindrafélagsins starfsárið 2024–2025 voru eftirfarandi:

Sigbór U. Hallfreðsson, formaður (2024–2026)

Rósa María Hjörvar, varaformaður (2024–2026)

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen, ritari (2023–2025)

Ásdís Evlalia Guðmundsdóttir, varamaður (2024–2026)

Guðmundur Rafn Bjarnason, varamaður (2023–2025)

Halldór Sævar Guðbergsson, varamaður (2023–2025)

Sandra Dögg Guðmundsdóttir (2024–2026)

Unnur Þöll Benediktsdóttir, stjórnarmaður (2023–2025)

Þórarinn Þórhallsson, varamaður (2024–2026)

Samkvæmt lögum félagsins eru formaður og stjórnarmenn kosin til tveggja ára í senn og er helmingur stjórnar kosinn á hverju ári. Þau sem voru kosin fyrir tveimur árum og eru þar með að ljúka tveggja ára kjörtímabili á þessum aðalfundi eru:

Guðmundur Rafn Bjarnason

Halldór Sævar Guðbergsson

Kaisu Kukka-Maaria Hynninen

Unnur Þöll Benediktsdóttir

Starfsmenn

Alls störfuðu 23 einstaklingar hjá félaginu í 13,2 stöðugildum. Breytingar urðu á starfsmannaskipan félagsins á árinu. Eftirtaldir aðilar hófu störf á árinu 2024: Björn Alfreðsson, Halldór Sævar Guðbergsson og Guðrún Guðbjörnsdóttir. Ása Ottesen hóf störf í apríl 2025. Helga Friðriksdóttir lét af störfum á árinu 2024 og Guðvarður Birgir Birgisson og Júlía Bríet Baldursdóttir létu af störfum á árinu 2025.

Í maí 2025 störfuðu eftirtaldir starfsmenn hjá félaginu:

Ása Ottesen, markaðs- og fjáröflunarfulltrúi

Ásrún Harðardóttir, afgreiðsla

Baldur Snær Sigurðsson, tækni- og tölvuráðgjafi

Björn Alfreðsson, skjalavinnsla
Daníel Anton Benediktsson, húsvörður
Dagný Kristmannsdóttir, trúnaðarmaður
Guðrún Guðbjörnsdóttir, trúnaðarmaður í afleysingum
Gunnar Már Óskarsson, afgreiðsla
Halldór Sævar Guðbergsson, trúnaðarmaður
Hildur Björnsdóttir, gjaldkeri og umsjónarmaður ferðaþjónustu
Ingólfur Garðarsson, fjáröflunarfulltrúi
Jón Helgi Gíslason, trúnaðarmaður
Kristinn Halldór Einarsson, framkvæmdastjóri
Kristín Waage, bókarí
Lára Kristín Lárusdóttir, verkefnastjóri skrifstofu
Marjakaisa Matthíasson, alþjóða- og félagsmálafulltrúi
Mónika Elísabet Kjartansdóttir, samskiptastjóri
Rúna Garðarsdóttir, félagsmálafulltrúi
Sigbór U. Hallfreðsson, formaður
Pórkatla Norðquist, matartæknir

Það er stefna Blindrafélagsins að gefa blindum og sjónskertum einstaklingum færi á að starfa fyrir félagið. Hefur það m.a. verið gert með því að haga starfslýsingum þannig að þær séu ekki útilokandi fyrir blindar eða sjónskerta einstaklinga. Það er því sérstaklega ánægjulegt að greina frá því að af þeim 20 starfsmönnum sem taldir er upp hér að framan eru 13 blindir eða sjónskertir.

Rekstrarniðurstaða

Heilt yfir gekk reksturinn vel á árinu, heildarvelta félagsins á árinu 2024 nam 356,8 m.kr. sem er 35,7 m.kr. aukning frá 2023. Rekstrarafkoma fyrir fjármagnsliði og afskriftir var jákvæð um 31,9 m.kr. Að meðtöldum fjármagnsliðum og afskriftum var afkoman jákvæð um 9,7 m.kr. Sjá nánar í ársreikningnum.

Aðal-, félags- og stjórnarfundir

Aðalfundur Blindrafélagsins var haldinn 11. maí 2024 með hefðbundnum hætti og í gegnum fjarfundabúnað. Einnig var hægt að hlusta á hann í beinni útsendingu í Vefvarpinu.

Félagsfundur var haldinn 20. nóvember 2024 í Hamrahlíð 17, einnig sem fjarfundur í gegnum fjarfundarbúnað og í útsendingu í Vefvarpinu. Á fundinum var fjallað um breytingar á örorkulífeyriskerfinu.

Annar félagsfundur var haldinn 26. mars 2025. Á fundinum var kynning á innra starfi félagsins.

Verkefni og fjáraflanir

Rekstur Blindrafélagsins og þau verkefni sem félagið sinnir eru mjög háð fjáröflunum félagsins. Meira en helmingur af rekstrarfé félagsins (57,5%) kemur í gegnum fjáraflanir meðal almennings. Árangur í fjáröflunum byggir mikið á því jákvæða orðspori sem félagið nýtur meðal almennings. Það er mikilvægt að vera á tánum því að aðstæður breytast í sífellu og samkeppni er almennt að harðna. Fleiri félagasamtök halda úti svipuðum fjáröflunum og Blindrafélagið og leita eftir styrkjum frá fyrirtækjum og einstaklingum. Framlög fyrirtækja eru mjög háð sveiflum í atvinnulífinu og það hefur sýnt sig að það getur verið fallvalt að treysta of mikið á fjárhagsstuðning fyrirtækja. Mikilvægt er jafnframt að draga eftir föngum úr kostnaði og reyna að gera hvert verkefni eins hagkvæmt og kostur er.

Megnið af fjáröflunarfé Blindrafélagsins kemur frá einstaklingum. Aukin áhersla hefur verið lögð á að nýta samfélagsmiðlana til að vekja athygli á fjáröflunum félagsins.

Á árinu 2024 skiluðu fjáraflanir félagsins 87,7 m.kr. umfram beinan og sameiginlegan kostnað á móti 82,6 m.kr. árið á undan.

Vörusala og tækjaleiga

Tekjur af vöru- og þjónustusölu og tækjaleigu á árinu voru 31,5 m.kr. Þetta er 23,3% hækkun frá fyrra ári. Blindrafélagið selur ýmiss konar vörur sem framleiddar eru með þarfir blindra og sjónskertra í huga, eins og t.d. aðgengislausnir, bæði stafrænar og ferilslausnir. Að auki selur félagið Þríkrossinn og vörur frá Blindravinnustofunni. Félagið leigir einnig út hjálpartæki eins og Vefvarpið og lestrartæki. Í vefverslun félagsins eru myndir og verð á öllum hlutum sem þar eru seldir. Félagið vill með þessu bæta framboð af hjálpartækjum og lítur á þessa starfsemi sem aukna þjónustu við félagsmenn.

Þjónustusamningar og styrkir

Styrkur frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu fyrir árið 2024

Blindrafélagið hefur undanfarin ár fengið rekstrarstyrk frá félags- og vinnumarkaðsráðuneytinu. Fyrir árið 2024 nam rekstrarstyrkurinn 15 m.kr. Að auki styrkir félags- og vinnumarkaðsráðuneytið íslenskunámskeið Blindrafélagsins.

Þjónustusamningur við Reykjavíkurborg

Blindrafélagið hefur undanfarin ár verið með þjónustusamning við Velferðarsvið Reykjavíkurborgar. Samningurinn vegna 2024 hljóðaði upp á 3,2 m.kr.

Styrkur frá ÖBÍ réttindasamtökum

ÖBÍ réttindasamtök veita aðildarfélögum sínum árlega rekstrarstyrki og styrki til ýmissa verkefna. Styrkur ÖBÍ til Blindrafélagsins á árinu 2024 var 9,6 m.kr. Auk grunnreksturs styrkti ÖBÍ verkefni Blindrafélagsins, færnibúðir.

Aðrir styrkir og gjafir

Ýmsir einstaklingar og fyrirtæki styrktu félagið með stórum og smáum gjöfum og margir þeirra vilja ekki láta nafns síns getið. Öllum þessum aðilum eru færðar bestu þakkir fyrir stuðninginn. Án þeirra væri starf félagsins ekki jafn blómlegt og raun ber vitni.

Bakhjarlar

Bakhjarlar Blindrafélagsins telja nú rúmlega 8.000 manns. Þar af greiða 5.323 aðilar mánaðarlega og 1.716 árlega. Bakhjarlakerfið skilaði 69,5 m.kr. tekjum umfram gjöld á árinu 2024, á móti 67,1 m.kr. 2023.

Samstarfið við Takk hélt áfram á árinu. Í samstarfinu felst að starfsfólk Takk kortleggur sóknarfæri, hefur samband við einstaklinga og býður þeim að gerast bakhjarlar félagsins með föstu mánaðarlegu framlagi. Einnig sinna þau götukynningarstarfi, þar sem þau ganga um bæinn, kynna stuðningsfyrirkomulagið og félagið á fjölförnum stöðum. Takk sér jafnframt um að viðhalda tengslum við bakhjarla og annast þjónustuverkefni hvað varðar breytingar á styrktaraðild. Að meðaltali greiða bakhjarlar um 1.900 kr. á mánuði. Fríðindi sem fylgja mánaðarlegu bakhjarlagjaldi eru sjóntrygging vegna slysa, tímaritið Víðsjá og leiðsöguhundadagatal.

Happdrætti

Happdrætti Blindrafélagsins er ein mikilvægasta fjáröflun félagsins og hefur verið í mörg ár. Happdrættið fer fram tvisvar á ári, sumarhappdrætti með útdrætti í júlí annars vegar og nóvember/desember hins vegar.

Gefin voru út 60.000 miðanúmer í hvoru happdrætti.

Happdrættismiði á pappír var sendur til þeirra sem höfðu áður greitt miða í happdrættinu, yngri markhópar fengu einungis rafræna miða. Sala í gegnum samfélagsmiða og tölvupóstsendingar hefur aukist verulega frá því að byrjað var á kynningum í gegnum þá.

Miðaverð var 3.900 kr. frá og með vetrarhappdrætti 2024, en áður 3.300 kr. Happdrættið skilaði félaginu 30,5 m.kr. afkomu á þegar allur beinn og sameiginlegur kostnaður hafði verið reiknaður sem er 2,3 m.kr. betri afkoma en 2023.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom út að vanda tvisvar á árinu 2024. Um leið og Víðsjá er mikilvægt sem mál gagn Blindrafélagsins er blaðið einnig mikilvægt fjáröflunarverkfæri. Tekjurnar af Víðsjá liggja í valkröfum sem sendar eru þeim sem fá blaðið sent og auglýsingum, lógó og styrktarlínunum. Á árinu 2024 skilaði Víðsjá 9,4 m.kr. í tekjur umfram kostnað miðað við 11,9 m.kr. árið 2023.

Jóla kort

Tekjur af jóla kortasölu á árinu umfram kostnað var 1,6 m.kr. samanborið við 1,3 m.kr. árið 2023.

Salan fer að mestu fram með útsendingu á jóla kortapökkum til félagsmanna, bakhjarla og annarra áskrifenda. Alls voru sendir út um 1350 pakkar ásamt valkröfum að upphæð 2.800 kr.

Leiðsögu hundaverkefnið

Í dag eru 17 leiðsögu hundar starfandi á Íslandi.

Leiðsögu hundadagatal Blindrafélagsins er hugsað sem kynning á leiðsögu hundaverkefni Blindrafélagsins og Sjónstöðvarinnar. Á árinu 2024 var dagatalið gefið út í 12.500 eintökum samanborið við 11.500 eintök 2023.

Áframhald var á kassasölu hjá Bónus, Samkaupum, Nettó og A4, dagatalið var selt á 2.600 kr. Samtals seldust 2.435 eintök. Send voru út um 3.300 dagatöl ásamt valkröfu upp á 2.990 kr. Alls greiddu valkröfuna 1.713 aðilar, um 52%. Afkoma á árinu 2024 var jákvæð upp á 5,8 m.kr. eins og á árinu 2023.

Framlög og söfnunarfé til leiðsögu hundaverkefnisins á árinu var 405.000 kr.

Fyrirtækjasöfnun

Leitað var til 1.368 fyrirtækja sem höfðu styrkt félagið með framlögum á síðustu þremur árum og líka til hóps stærri og „álitlegri“ fyrirtækja. Afrakstur fyrirtækjasöfnunarinnar var tæplega 500.000 kr. en árið á undan var afkoman um 1,2 m.kr.

Rekstur Hamrahlíðar 17

Útleiga á húsnæði

Tekjur Blindrafélagsins af útleigu húsnæðis á árinu 2024 voru 81,3 m.kr. á móti 70,5 m.kr. árið á undan.

Starfsemi í Hamrahlíð 17 er eftirfarandi:

- 1. hæð: Optic Reykjavík og Blindravinnustofan ehf. Auk þess eru skrifstofur Blindrafélagsins á hæðinni.
- 2. hæð: Augnlæknar Reykjavíkur. Félagsheimili Blindrafélagsins er einnig á hæðinni og salur sem leigður er út til félagsmanna.
- 3. og 4. hæð: 20 leiguíbúðir í langtímaleigu fyrir félagsmenn, tvær gestaíbúðir og tvö gestaherbergi til útleigu fyrir félagsmenn og ættingja þeirra til skemmri dvalar.
- 5. hæð: Nú standa yfir framkvæmdir á hæðinni.
- 6. hæð: Sjónstöðin.

Var nýtingin á gestaherbergjum og íbúðum sem hér segir:

- Íbúð 401 (gestaíbúð): 39%
- Íbúð 309 (gestaíbúð): 34%
- Íbúð 304 (gestaherbergi): 45%
- Íbúð 404 (gestaherbergi): 30%

Stækkun og endurbætur Hamrahlíðar 17

Framkvæmdir hófust í mars 2023 þegar hafist var handa við að reisa 6. hæðina og var hún tekin í notkun í september 2024, þegar Sjónstöðin flutti inn. Núna standa yfir framkvæmdir við 5. hæðina og stefnt er að því Augnlæknar Reykjavíkur flytji inn í rýmið í september 2025. Þá verður hafin vinna við endurbætur á 2. hæðinni fyrir Hljóðbókasafn Íslands, auk þess sem aðstaða til íþróttaiðkunar verður stækkuð.

Áhersluverkefni og ferðaþjónusta

Ferðaþjónusta

Í lok ársins 2024 voru 719 einstaklingar með ferðaþjónustusamning

Sveitarfélag	Fjöldi ferða
Afsláttarkorthafar	2.040
Akureyrarbær	726
Bláskógabyggð	27
Fjarðabyggð	29
Garðabær	1.397
Hafnarfjarðarkaupstaður	3.351
Hveragerðisbær	11
Ísafjarðarbær ferðir í Reykjavík	14
Kópavogsbær	6.716
Kópavogsbær A-korthafar	3.962
Mosfellsbær	999

Reykjavíkurborg	32.237
Seltjarnarnesbær	482
Seltjarnarnesbær A-korthafar	316
Stykkishólmur	19
Sveitarfélagið Árborg	413
Sveitarfélagið Hornafjörður	9
Vestmannaeyjabær	182
Samtals	52.930

Réttindagæsla

Eins og undanfarin ár hefur Blindrafélagið aðstoðað félagsmenn við að gæta eða sækja réttindi sem þeim kann að vera neitað um. Auk þátttöku formanns og framkvæmdastjóra félagsins hefur í sumum tilvikum þurft að kalla til lögmann félagsins. Í slíkum tilvikum kemur lögmaður félagsins fram fyrir hönd félagsmanns og því hefur félagið ekki verið beinn málsaðili. Mjög góður árangur hefur náðst í þessari réttindagæslu og hafa mál sem snúa að ferðaþjónustu, rétti til örorkubóta og húsnæðismálum verið leyst á farsælan máta fyrir félagsmenn.

Alþjóðasamstarf

Blindrafélagið tekur virkan þátt í norrænu samstarfi blindrasamtakanna. NSK sem er samstarfsnefnd norrænu blindrasamtakanna heldur tvo til þrjá fundi árlega, af þeim einn á staðnum og tvo rafrænt. Einnig tekur Blindrafélagið þátt í starfi ungmennanefndar og jafnréttisnefndar NSK.

Blindrafélagið tekur einnig þátt í starfi European Blind Union (EBU), World Blind Union (WBU), Retina International (RI) og European Guide Dog Federation. Innan EBU starfa ýmsar nefndir og starfshópar um margs konar hagsmuni, m.a. jafnréttismál, aðgengi, menningu og sjónskerðingu (e. low vision) og hafa starfsmenn og félagsmenn tekið þátt í starfi þessara hópa, m.a. á rafrænum fundum.

Tæknimál og tækniráðgjöf

Félagið fylgist með þróun í tækni og tólum sem eru hugsuð fyrir blinda og sjónskerta notendur.

Félagsmönnum er velkomið að leita sér aðstoðar hjá félaginu fyrir hin ýmsu tölvu- og tæknimál og það sem þau vantar hjálp með. Mikil samvinna er með Sjónstöðinni og er markmiðið að veita félagsmönnum alla þá aðstoð sem þau vantar fyrir sína daglegu notkun tölva og tækja.

Talgervilsraddirnar Karl og Dóra

Blindrafélagið er enn að úthluta talgervilsröddunum Karli og Dóru til allra þeirra einstaklinga sem ekki geta lesið með eðlilegum hætti. Einnig er hægt að kaupa raddirnar hjá Blindrafélaginu.

Vefvarp Blindrafélagsins

Við höfum haldið áfram að bæta nýju efni inn í Vefvarpið. Fleiri vefsíður hafa verið settar inn eftir óskum notenda og stöðugt bætast við íslenskir hlaðvarpsþættir. Hægt er að nálgast um 60 íslenska vinsæla hlaðvarpsþætti í Vefvarpinu og við hvetjum fólk til að láta okkur vita ef það veit um hlaðvarp sem það vill geta hlustað á í tækinu.

Fræðsluerindi, félagsfundir, aðalfundir og aðrir viðburðir, sem haldnir eru í sal Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17, eru sendir út í beinni útsendingu í Vefvarpinu. Opið hús er einnig sent út í beinni útsendingu tvisvar í viku fyrir þau sem ekki sjá sér fært að mæta í Hamrahlíð 17. Þau sem missa af beinu útsendingunni eða vilja hlusta aftur á eldri viðburði geta hlustað á upptökur frá viðburðum í Vefvarpinu.

Vefpula

Blindrafélagið heldur áfram samstarfi við sænska og hollenska tæknifyrirtækið ReadSpeaker með rekstur, kynningu og sölu á vefpulunni og öðrum lausnum frá fyrirtækinu. Vefpulan, eða Hlusta-hnappurinn eins og hann er oft kallaður, er notuð á mörgum vefjum og nýtist mörgum mjög vel.

Máltækniáætlun

Blindrafélagið hefur lagt sitt af mörkum í starfsemi Almennaróms og íslensku Máltækniáætlunarinnar. Félagið hefur verið í ráðgjafarhlutverki og gert prófanir á nýjum íslenskum talgervilsröddum sem og öðrum lausnum tengdum máltækni.

Mörg verkefni eru í gangi sem tengjast máltækni og er nú loksins verið að prufa íslenskar raddir fyrir iPhone- og Apple-vörur sem vonandi koma út árið 2025.

BlindShell-farsímar

Blindrafélagið vinnur náið með fyrirtækinu Matapo sem er framleiðandi BlindShell-farsíma fyrir blinda og sjónskerta. Símanir hlusta og tala á íslensku og hafa áþreifanlegt talnaborð. Símanir bjóða upp á margt sem almennir snjallsímar gera, eins og að veita upplýsingar um veður, aðgang að tölvupósti og dagatali og margt fleira.

Blindrafélagið hefur þýtt viðmót símans og unnið með Matapo til að koma símanum hingað á markað. Áfram verður haldið í að þróa og íslenska aðgerðir í

símanum og vonumst við til að hann geti stutt íslensk rafræn skilríki betur í framtíðinni, en þau virka því miður frekar illa eins og er.

Símarnir eru til sölu í verslun Blindrafélagsins og er hægt að fá annaðhvort svarta eða rauða síma. Von er á BlindShell Classic 3 símunum fljótlega en þeir eru svipaðir Classic 2 símunum sem eru í sölu núna. Classic 3 símarnir hafa til viðbótar gervigreind sem getur aðstoðað notendur og veitt ýmsar upplýsingar.

NaviLens

Blindrafélagið heldur áfram samstarfi við NaviLens, sem er tækni sem virkar á svipaðan hátt og QR-kóðar. Umboðið fyrir NaviLens á Íslandi er hjá Reykjavík Marketing og vinnur Blindrafélagið náðið með því fyrirtæki í nokkrum verkefnum.

NaviLens-kóðana er mögulegt að greina úr 12 sinnum meiri fjarlægð en QR-kóða í sömu stærð. Um spennandi verkefni er að ræða þar sem þessi lausn gæti reynst blindum og sjónskertum sérlega vel þegar kemur að aðgengi að stórum og flóknnum rýmum. Í janúar 2023 var tilkynnt um samstarf Blindrafélagsins og Strætós um uppsetningu á NaviLens á öllum stoppistöðvum Strætós. Þetta verkefni er enn í vinnu og hefur verkefnið tekið lengri tíma en ætlað var. Vonast er til að prufuleiðir í verkefninu verði virkar sumarið 2025.

Opinn tími með tölvu- og tækniráðgjöfum

Veturinn 2024 og 2025 hafa Blindrafélagið og Sjónstöðin boðið upp á opna ráðgjafatíma einu sinni í mánuði þar sem fólk getur mætt og fengið aðstoð með sín tæknivandamál. Þessir opnu tímar hafa þróast gegnum mánuðina og nú er einnig boðið upp á almennan fróðleik í byrjun og svo er almennt spjall með þeim sem mæta um hvað er að gerast í tækninni hverju sinni. Þessir fundir hafa fengið góðar viðtökur og mæting aukist með hverjum hittingi. Þetta er gott tækifæri til að mæta og sækja sér jafningjastuðning og heyra frá öðrum félögum sem eru einnig að glíma við tæknina.

Aðgengismál

Blindrafélagið hefur í samstarfi við ÖBÍ réttindasamtök og Sjónstöðina útbúið og birt ítarlegar leiðbeiningar um lagningu á leiðarlínum og athyglissvæðum innanhúss til að skapa gott aðgengi fyrir blint og sjónskert fólk.

Blindrafélagið og Sjónstöðin stóðu fyrir menntun umferlis- og áttunarkennara en þetta er í fyrsta skipti sem nám af þessu tagi fer fram á Íslandi. Kennslan fór fram á Sjónstöðinni. Danskir kennarar sáu um kennsluna en verkleg þjálfun fór fram undir handleiðslu umferlisráðgjafa Sjónstöðvar. Átta nemendur tóku þátt í náminu, þar af einn starfsmaður frá Blindrafélaginu.

Mötuneyti Blindrafélagsins

Árið 2024 seldust 5.683 máltíðir sem er 244 máltíðum meira en árið áður.

Í 61 Opnu húsi seldust 547 kaffiskammtar. Gestir í boði umsjónarmanna voru 63 og 10 komu nýir inn og þeim var kynnt starfsemi Opins húss.

Þegar hugað er að eldhúsi félagsins þarf að hafa í huga hvernig uppbygging mötuneytis er, með tilliti til aðstöðu og aðbúnaðar sem er til staðar í eldhúsi, sem og fyrirkomulag og skipulag í matsal þannig að allt gangi sem best og þægilegast fyrir sig á mestu álagstímunum.

Í starfinu er unnið eftir ráðum sem heilbrigðiseftirlit og manneldisráð mæla með og hvetur matartæknir einnig aðra til að fylgja þeim eftir. Fylgt er þeim reglum sem settar eru upp í heilbrigðismálum, en dagleg þrif eru stór þáttur í starfi matartæknis sem og eftirlit með geymslum fyrir hráefni, s.s. kæli, frysti og þurrgeymslu. Einnig er gæðaeftirlitskerfinu GÁMES fylgt og farið eftir því. Því er farið vandlega yfir þær vörur sem berast í eldhúsið. Ástand þeirra er kannað, pakkningar, flutningar og meðhöndlun.

Með þetta að leiðarljósi er ávallt leitast við að hafa úrvalshráefni til meðhöndlunar. Einnig er mikilvægt að vera í mjög góðum samskiptum við birgja, bæði hvað varðar verð og gæði.

Stefnan er því sú að fylgja ráðleggingum Lýðheilsustöðvar og manneldisráðs, en þær fela í sér hollt, næringarríkt og heilsusamlegt fæði og að allir fái bestu gæði og hollustu sem völ er á hverju sinni.

Útgáfa og upplýsingaflæði

Eins og fyrr hefur félagið haldið uppi öflugu upplýsingaflæði til félagsmanna og almennings.

- Flestum viðburðum og öllum fundum er streymt í Vefvarpið.
- Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kemur út tvisvar á ári.
- Hljóðbrot, hljóðtímarit Blindrafélagsins, kemur að jafnaði út tvisvar í mánuði og er aðgengilegt á miðlum félagsins og í hlaðvarpsveitum.
- Fréttabréf Blindrafélagsins kemur að jafnaði út á föstudögum.
- Heimasíðan er mikilvægur vettvangur, auk þess að vera gátt fyrir vefverslun Blindrafélagsins.
- Fésbókarsíða og Instagram félagsins eru mikilvæg tól til að miðla upplýsingum um starfsemi félagsins til almennings.

Hljóðbrot

Hljóðbrot, hlaðvarp Blindrafélagsins, er gefið út tvisvar í mánuði, annan og fjórða föstudag hvers mánaðar. Umsjónarmenn Hljóðbrots eru þeir Eyþór Kamban Þrastarson, Hlynur Þór Agnarsson og Már Gunnarsson.

Í Hljóðbroti er ávallt leitast við að velja viðfangsefni sem höfða til breiðs hóps, bæði innan og utan raða félagsfólks Blindrafélagsins. Dæmi um umfjöllunarefni þáttarins á síðasta ári eru umfjöllun um Rósu Guðmundsdóttur, stofnfélaga og fyrrum formann Blindrafélagsins, BlindShell-takkasímana sem eru sérhannaðir út frá þörfum blindra og sjónskertra, birtingarmynd fatlana í íslenskum þjóðsögum, heimilishald og húsverk, leiðsöguhunda, sjálfkeyrandi bíla, nýjungar í tækni og gervigreind, nýja tegund nafnskírteina, sögu Blindrafélagsins og Hamrahlíðar 17, ólympíuleika fatlaðra og nýju heimildarmyndina Fyrir allra augum sem fjallar um heilatengda sjónskerðingu með Dagbjörtu Andrésdóttur í brennidepli.

Hljóðbrot er aðgengilegt í öllum helstu streymisveitum, s.s. Spotify, Google Podcast og Apple Podcast, sem og í Vefvarpi Blindrafélagsins.

Víðsjá

Víðsjá, tímarit Blindrafélagsins, kom út tvisvar á árinu 2024. Að þessu sinni voru forsíðuviðtöl tekin við Brynju Arthúrsdóttur og Ingu Sæland. Ritstjórar Víðsjár eru Mónica Elísabet Kjartansdóttir og Marjakaisa Matthíasson.

Félagsmál og jafningjastuðningur

Félagsmálafulltrúi og trúnaðarmenn

Aðalfélagar Blindrafélagsins eru nú 780 talsins. Frá byrjun maí 2024 til apríl 2025 hafa 62 manns bæst í hópinn. Trúnaðarmenn fá upplýsingar um sína skjólstæðinga og hafa samband við þá eins fljótt og hægt er. Þjónusta félagsins, m.a. ferðaþjónusta blindra, ókeypis aðgangur að 1818 og félagsstarf innan Blindrafélagsins, er einnig kynnt.

Haldin eru erindi fyrir tilvonandi leigubílstjóra í Ökuskólanum í Mjódd. Kennt er einu sinni í mánuði og við og við eru haldin aukanámskeið. Sagt er frá Blindrafélaginu, ferðaþjónustu blindra og leiðbeint hvernig best sé að aðstoða blinda og sjónskerta. Nemendur koma oft með góðar spurningar og eru almennt ánægðir með að þetta sé hluti af harkaranámskeiðum.

Trúnaðarmenn

Trúnaðarmenn hafa reglulega samband við skjólstæðinga sína og er almenna reglan sú að þeir hringja tvisvar á ári. Trúnaðarmenn veita stuðning á

jafningjagrunni. Lítill hópur félagsmanna, m.a. einstaklingar sem búa á hjúkrunarheimilum eða einir, fær þó oft hringingu frá trúnaðarmanni sínum. Yngri félagsmenn afþakka frekar þessa þjónustu eða biðja um símhringingu einu sinni á ári. Trúnaðarmenn benda fólki á ýmis bjargráð, m.a. sálfræði- og félagsráðgjafarþjónustu hjá Sjónstöðinni. Trúnaðarmenn á árinu voru þau Dagný Kristmannsdóttir, Guðrún Guðbjörnsdóttir í afleysingum, Helga Friðriksdóttir, Halldór Sævar Guðbergsson og Jón Helgi Gíslason.

Félagsstarfið

Opið hús

Opið hús er fastur liður í félagslífi Blindrafélagsins og mikilvægur hornsteinn fyrir fastagesti þess. Opið hús er ætlað öllum þeim sem vilja koma og skemmta sér í góðum félagsskap. Í Opnu húsi á fólki góðar stundir saman yfir kaffibolla og nýtur þess sem dagskráin kann að bjóða upp á hverju sinni, m.a. söngs, upplestrar, tónlistar og gamansagna. Reyndin hefur verið sú að stærstur hluti gesta Opna hússins er eldra fólki en þó mætir þangað fólki á ýmsum aldri. Síðastliðið ár hefur aðsókn að Opnu húsi á þriðjudögum og fimmtudögum verið að meðaltali 12–15 manns. Opið hús var eins og áður á þriðjudögum og fimmtudögum í salnum okkar á 2. hæð. Áfram héldum við með beinar útsendingar í gegnum Vefvarp Blindrafélagsins ásamt því að hafa aðgengilegar upptökur af eldri Opnum húsum hvenær sem hentar fólki að hlusta. Upptökur af Opnu húsi hafa verið mjög vinsælar og auka einnig möguleika þeirra sem ekki búa á höfuðborgarsvæðinu eða eiga ekki heimangengt. Umsjónarmenn Opna hússins voru Jónína Herborg Jónsdóttir, Steinunn Helgu Hákonardóttir, Anna Sigríður Helgadóttir, Unnar Þór Reynisson og Kaisu Kukka-Maaria Hynninen. Einnig komu Særún Sigurðardóttir, Bókmenntaklúbbur Blindrafélagsins og 67+ nefndin inn sem gestaumsjónarmenn. Félagsmálafulltrúi hefur umsjón í afleysingum og fær skemmtikrafta til að taka að sér eitt og eitt Opið hús inn á milli. Lára Kristín Lárusdóttir hefur yfirumsjón með starfseminni og samræmdri dagskrá.

Opið hús fer reglulega yfir árið í ferðir og heimsóknir. Þetta árið var farið í ferð á Hvolsvöll þar sem byrjað var á kaffisopa og pönnukökum í N1 áður en farið var á Lava-safnið, þar sem gengið var með leiðsögn um safnið. Dagurinn endaði á dýrindis kvöldverði á Hótel Grímsborgum.

Um haustið var farið á Suðurnesin í kynningarheimsókn í bæði HS Orku og Kaffitár. Endaði ferðin síðan í hamborgaraveislu hjá Hamborgarabúllu Tómasar í Keflavík.

Í ferðalögum sem og viðburðum nýtur félagsmáladeildin liðsinnis starfsmanna úr afgreiðslu og eldhúsi félagsins, bæði við undirbúning og framkvæmd.

Opið hús á laugardögum er haldið að jafnaði tvisvar til fjórum sinnum yfir starfsárið. Félagsmálafulltrúinn hefur ávallt umsjón með dagskránni á laugardögum og fær skemmtilega gesti til að vera með fræðslu og tónlistaratriði. Dagskráin hefst með fræðsluerindi en á eftir því er framreiddur heitur matur áður en deginum lýkur, ýmist með tónlistardagskrá eða bara góðu kaffispylli. Á starfsárinu var Opið hús á laugardegi haldið tvisvar sinnum.

Foreldradeild

Haldið var áfram með spunaspilakvöldin Drekar og dýflissur aðra hvora viku. Einnig voru haldin nokkur almenn spilakvöld með ýmis borð- og kortaspil. Hægt var að prófa símahugbúnaðinn RetinAid Tabletop sem sjónlýsir spilum og veitir blindum og sjónskertum betra aðgengi að hinum ört stækkandi heimi fjölbreyttra spila.

Sumarhátíð foreldradeildar og sjóðsins blind börn á Íslandi var haldin 10. ágúst sl. og tókst ákaflega vel til. Hin hefðbundna jólaskemmtun var haldin 15. desember. Harpa bauð félögum í foreldradeild og fleirum í glæsilega jólatónleika.

Dagana 11.–13. október hélt Blindrafélagið, Sjónstöðin, Íþróttafélag fatlaðra og Reykjadalur undir leiðsögn Háskólans í Reykjavík færnibúðir í Reykjadal fyrir börn og ungmenni á aldrinum 9–25 ára. Hugmyndafræðin er fengin frá Bandaríkjunum og stýrði stofnandi búðanna þeim ásamt gestum frá Bandaríkjunum.

Tilgangur færnibúðanna er að valdefla þátttakendur. Í þeim gefst blindum og sjónskertum börnum og ungmennum tækifæri til að spreyta sig í ýmsum íþróttum eða leikjum sem þau hefðu annars ekki haft tækifæri til að prófa. Unnið var með einstaklingnum maður á mann og þátttakendur fengu að miklu leyti tækifæri til að velja sjálfir áskoranir. Á sama tíma fór fram færnimat sem Háskólinn í Reykjavík sá um. Færnimatið nýtist svo fyrir þátttakendur í áframhaldandi þjálfun, t.d. með íþróttakennurum.

Leiðsöguhundadeildin

Leiðsöguhundadeild Blindrafélagsins hefur staðið fyrir mánaðarlegum viðburðum þar sem boðið hefur verið upp á ýmiss konar fræðslu. Markmið viðburðanna er að bæta þekkingu og færni notenda og að læra hvert af öðru. Síðustu helgina í ágúst 2024 var farið í árlega vinnuferð í Stykkishólm. Helgin er samstarfsverkefni Blindrafélagsins og Sjónstöðvarinnar. Einnig er deildin í samstarfi við hundavinaverkefni Rauða krossins. Leiðsöguhundanotendur geta nú farið með sjálfboðaliðum úr verkefninu út í náttúruna þar sem öruggt er að sleppa hundunum lausum. Hafin er vinna við samstarf á milli gönguvina Rauða

krossins og leiðsöguhundandótenda sem vilja læra nýjar leiðir og fá félagsskap við göngu. Formaður leiðsöguhundadeildarinnar er Þorkell J. Steindal.

Retina Ísland

Retina Ísland er vettvangur fólks með arfgenga hrörnunarsjúkdóma í sjónhimnu og aðstandendur þeirra. Áherslan er á fræðslu og jafningjastuðning og að fylgjast með vísindarannsóknum sem miða að því að finna meðferðir við þessum sjúkdómum og miðla upplýsingum til félagsmanna. Retina Ísland tekur þátt í alþjóðlegu samstarfi innan Retina International (RI) og á samstarfsvettvangi norrænu systursamtakanna.

Árlegur samráðsfundur norrænu RP-félaganna og deilda var haldinn 2024 í Dublin á Írlandi á sama tíma og alþjóðlega Retina-ráðstefnan var haldin. Á þessum vettvangi er upplýst um helstu áskoranir og verkefni sem verið er að vinna að í hverju landi og aðrir geta lært af, auk þess að fræðast um nýjar og væntanlegar meðferðir sem eru til rannsóknar á arfgengum hrörnunarsjúkdómum í augnbotnum.

Ungblind

Ungblind hefur haldið kaffihittinga nokkrum sinnum á árinu. Þau hafa einnig verið með spilakvöld, ratleiki og matreiðslunámskeið. Hluti af hópnum tók einnig þátt í færnibúðunum.

Skemmtinefnd

Skemmtinefndin sá um margar skemmtanir í ár. Haustfagnaður var haldinn 4. október, 1. nóvember var haldið konukvöld, jólahlaðborðið var haldið 7. desember, þorablótið 24. janúar, vínsmökkun 14. mars og vorfagnaður 4. apríl. Góð mæting var á alla viðburðina.

Bókmenntaklúbbur

Bókmenntaklúbburinn hittist sem fyrr tvisvar í mánuði í vetur. Lesnar voru m.a. þessar bækur: Grænmetisætan eftir Han Kang, Moldin heit eftir Birgittu Björgu Guðmarsdóttur, Þegar fennir í sporin eftir Steindór Ívarsson, Út að stela hestum eftir Per Petterson og Mikilvægt rusl eftir Halldór Armand Ásgeirsson.

Hópurinn átti ánægjulegar samverustundir og skipst var á ólíkum skoðunum um bækurnar. Sem fyrr veitti Hulda Pétursdóttir, starfsmaður á Hljóðbókasafninu, bókmenntaklúbbnum frábæra þjónustu.

Haustið 2024 fagnaði Bókmenntaklúbburinn 20 ára afmæli. Var það gert í Opnu húsi og allir félagsmenn voru velkomnir. Rithöfundurinn Halldór Armand Ásgeirsson las upp úr nýjustu skáldsögu sinni, „Mikilvægt rusl“, sem var einmitt 16.

á dagskrá bókmenntaklúbbsins. Boðið var upp á veglegar veitingar og dagurinn þótti lukkast mjög vel. Umsjón með bókmenntaklúbbum hefur Brynja Arthúrsdóttir.

Kór

Í byrjun árs var stofnaður kór í félaginu. Stefan Sand sér um kórstjórn og Arnhildur Valgarðsdóttir um píanóleik. Kórinn æfir einu sinni í viku og eru kórfélagar 16 talsins.

Sjónlýsingar

Blindrafélagið hefur haldið áfram að vinna að sjónlýsingum í samstarfi við söfn og aðrar stofnanir. Kvikmyndin Snerting var sýnd í Bíó Paradís með sjónlýsingu 18. ágúst og var myndin vel sótt. Á degi hvíta stafsins var fræðslumyndin um Dagbjörtu Andrésdóttur, Acting normal with CVI, sýnd í Bíó Paradís. Söfn hafa verið mjög áhugasöm um sjónlýsingar og héldu sjónlýsingarnámskeið í fyrrahaust. Nú er hægt að bóka sjónlýsingu í Borgarsögusafni og var Sjóminjasafnið með sjónlýsingu á ýmsum safngripum fyrir félagsmenn 20. febrúar. Knattspyrnusamband Íslands sjónlýsir áfram landsleikjum Íslands á Laugardalsvelli.

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins

Heilsuklúbbur Blindrafélagsins er starfandi frá hausti til vors. Starfsemi klúbbsins samanstendur af styrktaræfingum, jóga og slökun sem er á þriðjudögum og fimmtudögum. Virkir iðkendur í salnum eru um 10–15 manns og einn til tveir hundar.

Umsjón með heilsuklúbbum hefur Kristín Sjöfn Valgeirsdóttir jógakennari.

Skiðaferð

Farið var í gönguskiðaferð á Drangsnes 7.–9. febrúar. Níu manns tóku þátt og æfðu sig á gönguskiðum.

Spaðabolti

Spaðaboltaborð í eigu félagsins er staðsett í Hamrahlíð 17. Þessar æfingar gefa öllum aldurshópum tækifæri til að taka þátt í íþrótt sem hönnuð er sérstaklega fyrir blint og sjónskert fólk þar sem allir geta spilað sem jafningjar. Umsjón með Spaðaboltanum hefur Halldór Sævar Guðbergsson.

Íslenskunámskeið

Erlendum félagsmönnum hefur fjölgað í Blindrafélaginu undanfarið og hefur félagið fengið styrk til að halda íslenskunámskeið fyrir þá. Hópurinn hefur verið lítill, frá fjórum til sex nemendum. Sjónskertir einstaklingar eiga oft í

erfiðleikum á venjulegum námskeiðum. Á starfsárinu voru haldin tvö íslenskunámskeið, annað að vori og hitt að hausti, í samstarfi við Mími.

Molar og kaffi

Blindrafélagið hefur boðið blindu og sjónskertu fólki að koma í kaffispjall á þriðjudögum og fimmtudögum kl. 10–12 í Hamrahlíð 17 á 2. hæð.

Tilgangur samverunnar er fyrst og fremst að skapa vettvang til að hitta aðra í svipaðri stöðu, deila reynslu og spjalla.

Prjónakaffi

Prjónakaffið er haldið á þriðja þriðjudegi mánaðar frá september fram í maí kl. 17–19. Mætingin hefur verið góð. Umsjón með prjónakaffinu hefur Lilja Sveinsdóttir.

Samstarfsaðilar innanlands

Á starfsárinu átti Blindrafélagið aðild eða aðkomu að starfsemi og stjórnnum eftirfarandi samtaka, sjóða og stofnana:

- Almannaheill, samtök þriðja geirans,
- Almennarómur,
- Hjúkrunarheimilið Eir,
- Hljóðbókasafn Íslands,
- Sjóðurinn Blind börn á Íslandi,
- Stuðningur til sjálfstæðis, styrktarsjóður Blindravinafélags Íslands og Blindrafélagsins,
- Styrktarsjóður Richards P. Theodórs og Dóru Sigurjónsdóttur,
- Tölvumiðstöð fatlaðra,
- Sjónstöðin,
- ÖBÍ réttindasamtök.

Lokaorð formanns

Undanfarin ár hefur verið tími viðamikilla framkvæmda hjá Blindrafélaginu, lokið var við að stækka Hamrahlíð 17 með byggingu 6. hæðarinnar þangað sem Sjónstöðin flutti inn í haust. Þeim framkvæmdum fylgdi einnig ýmiss konar viðhald og endurbætur á lagnakerfi hússins jafnframt því sem lyftan var endurnýjuð og annarri bætt við sem eykur til muna rekstraröryggið og þar með öryggi íbúa og þeirra sem sækja þjónustu í húsið. Í framhaldi af þessu hófst vinna við að endurnýja 5. hæð og er stefnt að afhendingu til leigutaka í september 2025.

Eins og ársreikningur Blindrafélagsins ber með sér hefur rekstur Blindrafélagsins gengið mjög vel og sömu sögu er að segja af rekstri

Blindravinnustofunnar. Félagsstarfið með sínum mikilvæga jafningjastuðningi hefur verið öflugt og fjölbreytt.

Góður árangur og farsælt félagsstarf er ekki sjálfsagt. Ég vil þakka stjórn, félagsmönnum Blindrafélagsins, starfsfólki félagsins og Blindravinnustofunnar innilega fyrir þeirra mikilvæga framlag og árangursríku störf í þágu blindra og sjónskertra á Íslandi. Samstarfsaðilum Blindrafélagsins þakka ég farsæla samvinnu í gegnum tíðina og sömuleiðis þakka ég velunnurum félagsins fyrir ómetanlegan stuðning.

Fyrir hönd stjórnar Blindrafélagsins,
Sigbór U. Hallfreðsson

Aðrar skýrslur

Blindravinnustofan

Blindravinnustofan var stofnuð árið 1941 og er vinnustofan einkahlutafélag sem er að fullu í eigu Blindrafélagsins. Blindravinnustofan hefur frá stofnun gegnt mikilvægu hlutverki í atvinnumálum blindra og sjónskertra á Íslandi.

Markmiðið með starfrækslu hennar er að veita blindum og sjónskertum einstaklingum atvinnu, þjálfun og endurhæfingu til annarra starfa. Hjá Blindravinnustofunni starfa 23 einstaklingar, þar með taldir rekstrarstjóri, verkstjóri og leiðbeinandi. Starfsemin er í gangi alla virka daga ársins og vinna starfsmenn ýmist á morgun- eða síðdegisvöktum.

Rauði þráðurinn í starfsemi Blindravinnustofunnar felst í innflutningi á hreingerningavörum til pökkunar og endursölu undir vörumerki Blindravinnustofunnar. Helstu viðskiptalönd Blindravinnustofunnar eru Pýskaland, Bretland, Svíþjóð, Kína og Bangladess. Vörurnar eru m.a. seldar í matvöruverslunum, í apótekum og á bensínstöðvum. Önnur starfsemi Blindravinnustofunnar er til að mynda ljósmyndaskönnun, vörumerkingar og ýmis pökkunarþjónusta fyrir fyrirtæki og stofnanir.

Starfsemi Blindravinnustofunnar gekk vel á árinu. Salan var hliðstæð fyrra ári og ágætlega tókst að mæta verð- og kostnaðarhækkunum frá birgjum og þjónustuaðilum. Þessir þættir ásamt öfluglu starfsfólki skiluðu jákvæðri niðurstöðu fyrir vinnustofuna og var hagnaður af rekstri Blindravinnustofunnar.

Sjónstöðin

– Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og einstaklinga með samþætta sjón- og heyrnarskerðingu

Á árinu 2024 flutti Sjónstöðin í nýbyggingu á 6. hæð Hamrahlíðar 17 en áður hafði stofnunin haft aðstöðu á 5. hæð í sama húsi. Formleg afhending hæðarinnar fór fram um miðjan nóvember. Um er að ræða glæsileg húsakynni sem er sniðin að þörfum starfseminnar og mikið var lagt upp úr hljóðvist og umhverfi sem hentar starfseminni. Einnig er gert ráð fyrir því að stofnunin úthluti hjálpartækjum og því þurfi að vera pláss fyrir sýningareintök. Sjónfræðingar fengu verkstæði sem hentar til að útbúa gleraugu og litun á glerjum. Punktaletursprentarinn fékk sinn stað í rýminu og var hugað að því að einangra aðstöðuna vel þar sem mikil læti eru þegar prentarinn er í gangi.

Í nóvember var byrjað að innleiða nýtt sjúkraskrárkerfi, PMO. Sjónstöðin leggur mikið upp úr öryggi gagna og uppfyllir kerfið alla þá öryggisstaðla sem það á að gera. Vefur Sjónstöðvarinnar hefur einnig verið færður yfir á Island.is.

Notendur Sjónstöðvarinnar í lok árs 2024 voru um 1720 talsins. Þar af voru 210 börn á aldrinum 0–18 ára, um 400 einstaklingar á aldrinum 18–67 ára og 1110 voru 67 og eldri. Þessi tala hefur ekki breyst frá því í fyrra. Fjöldi notenda á skrá helst í takt við fólksfjölgun á Íslandi eða um hálft prósent þjóðarinnar. Fjöldi úthlutaðra hjálpartækja í lok árs 2024 var um 1600 sem er í takt við það sem hefur verið undanfarin ár. Flestar úthlutanir eru vegna gleraugna og stækkunarglerja, en þó nokkuð er um úthlutun tengda hvíta stafnum. Úthlutað var 32 stækkunartækjum sem geta flokkast höfuðborin, borðtæki eða rafræn vasastækkunartæki.

Á árinu 2024 voru framleiddar 732 pantanir vegna þjónustu við aðlögun á textaefni. Á árinu á undan voru pantanirnar 991. Pantanirnar eru framleiddar á PDF-formi, punktalettri og word fyrir punktaletur. Einnig eru pantanir fyrir upphleypt efni sem kallast swell. Þær geta innihaldið myndir og tekur framleiðsla þeirra umtalsverðan tíma. Alls nota 55 einstaklingar þessa þjónustu. Töluvert af pöntunum kemur utan frá, svo sem frá söfnum eða skólum sem vilja kynna punktalettrið.

Sjónstöðin hélt námskeið til að fjölga fagfólki með sérhæfingu í umferli og áttun. Þetta var stór áfangi þar sem nám af þessu tagi hefur ekki áður farið fram á Íslandi. Sjónstöðin sá um skipulagið og var námið styrkt af Starfsþróunarsetri BHM og sjóðnum Stuðningur til sjálfstæðis. Kennslan fór fram á Sjónstöðinni og sáu danskir kennarar um kennsluna en verkleg þjálfun fór fram undir handleiðslu umferlisráðgjafa Sjónstöðvar. Átta nemendur tóku þátt í náminu.

Sjónstöðin tók líka þátt í færnibúðum fyrir börn og ungmenni á aldrinum 9–25 ára dagana 11.–13 október í samstarfi við Blindrafélagið, Íþróttafélag fatlaðra og Reykjadal undir leiðsögn Háskólans í Reykjavík.

Fyrir hönd Sjónstöðvarinnar, Elfa Svanhildur Hermannsdóttir, forstjóri

Hljóðbókasafnið

Árið 2024 gekk að mestu leyti vel hjá Hljóðbókasafni Íslands. Ráðist var í nauðsynlegar breytingar á miðlunarkerfum safnsins og kom viðbótarframlag frá ríki sér vel. Safninu tókst að fjölga bókartitlum lítillega á milli ára, ekki síst vegna styrkja úr sjóðum og frá einstaklingum. Í heildina bættust 376 bókartitlar við, 295 bækur voru lesnar inn en að auki voru 50 hljóðrit keypt af útgefendum.

Eins og með margar menningarstofnanir stendur þessi ríkisstofnun á herðum frumkvöðla sem sáu þörfina og brettu upp ermar. Innlestur bóka á Íslandi hófst árið 1955 á vegum Blindrafélagsins og varð mögulegur með tilkomu segulbandstækninnar. Það eru því tæp 70 ár frá því fyrstu hljóðbækurnar á íslensku urðu til og því engan veginn nýjar af nálinni fyrir tiltekinn hóp.

Starfsemin snýr fyrst og síðast að því að opna aðgang að hvers konar prentuðum texta fyrir fólk sem ekki getur lesið prentað mál og efla þannig og bæta þjónustu við lestrarhamlaða einstaklinga. Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast námsefni sem búið er að gera aðgengilegt.

Miklar breytingar hafa orðið á miðlun hljóðbóka og í dag hlusta flestir á bækur safnsins yfir netið. Mikil vinna fer í að uppfæra tölvu- og dreifikerfi, tryggja öryggi gagna og alla tækniþróun. Í heimi tækniþreyinga þarf þó alltaf að passa upp á að útiloka ekki einhverja hópa og finna jafnvægi í þjónustuleiðum. Nauðsynlegt er að fylgjast vel með tækniþróun, taka þátt í Máltækniáætlun og þróun nýrra miðlunarleiða en verja um leið þann lánþegahóp sem reiðir sig á eða kys annars konar tækni, svo sem vefvarp Blindrafélagsins og geisladiska.

Sérstök áhersla er lögð á að þjónusta blinda og sjónskerta og gera nemendum sem glíma við lestrarerfiðleika kleift að nálgast aðgengilegt námsefni.

30 ár frá því safnið flutti í Kópavoginn

Um nokkurt skeið hefur staðið til að safnið flytji enda núverandi húsnæði of stórt þegar ekki þarf alla hillumetrana fyrir kasetturnar eða geisladiskana sem fylgdu fyrri tímum. Á árinu var unnið að fyrirhuguðum flutningum í samvinnu við Framkvæmdasýsluna – Ríkiseignir með samþykki fagráðuneytis og aðallega unnið út frá því að safnið færi aftur í hús Blindrafélagsins í Hamrahlíð 17. Útbúnaðar voru teikningar fyrir mögulegt rými á 2. hæð hússins en samhliða fór fram athugun á fýsileika sameiningar Hljóðbókasafns og Landsbókasafns og verður þeirri vinnu haldið áfram á árinu 2025. Á aðalfundi Blindrafélagsins þann 31. maí ítrekaði fundurinn mikilvægi þess að viðhalda því aðgengi sem

hefur áunnist og brýndi stjórnvöld til þess að standa vörð um sjálfstæði og starfsemi Hljóðbókasafns Íslands.

Kærkominn hlaupastyrkur

Hlauparar í Reykjavíkumaraþoninu gátu í fyrsta skipti heitið á Hljóðbókasafn Íslands og var það mikil og góð kynning fyrir safnið. Valdimar Sverrisson, ljósmyndari og uppistandari, hafði veg og vanda af skráningunni og hljóp til að vekja athygli á nauðsynlegri þjónustu fyrir blinda og sjónskerta. „Þetta er táknrænt þakklæti af minni hálfu en ég hef notað safnið mikið síðan ég missti sjónina fyrir níu árum,“ sagði Valdimar við þetta tilefni. Valdimar safnaði 421.000 kr. og fór styrkurinn í að gera fleiri bækur aðgengilegar.

Sigrún Helga Sigurðardóttir hljóp einnig í nafni safnsins til að þakka fyrir þjónustuna og safnaði 56.000 kr. „Sonur minn fékk aðgang að Hljóðbókasafninu fyrir tæpu ári síðan og hefur það hjálpað honum einstaklega mikið með sína lesblindu og aukið áhuga hans á lestri.“



Lesarar hittust á vorhátíð og báru saman bækur sínar.

Talgervlar og gervigreind

Gervigreindin er orðin stór hluti af samfélaginu og fyrirsjáanlegt að hún eigi eftir að hafa áhrif á rafræna þjónustu Hljóðbókasafnsins. Safnið tók áfram þátt í Máltækniáætlun ríkisins, sem snýst að stærstum hluta um gervigreind. Sú vinna skilaði sér í því að í lok árs voru komnir bæði hugbúnaður og ferlar til að framleiða námsbækur sem þarf að gera aðgengilegar hratt. Enn eru þó ýmsir agnúar á slíkum „lestri“ og nokkuð er í að talgervlar leysi mannlega lesara af hólmi að fullu.

Fyrsta bókin sem gerð var aðgengileg með gervigreindartalgervli í samvinnu við máltæknifyrirtækið Grammatek leit dagsins ljós á árinu. Verkefnið miðar að

þróun íslenskra talgervilslausna fyrir hljóðbækur og er markmiðið með því að auka framboð aðgengilegra bóka. Talgervillinn Gunnar sá um upplesturinn á bókinni „Depurð : af hverju líður okkur svona illa þegar við höfum það svona gott?“

Hvatningarverðlaun ADHD samtakanna

Hljóðbókasafn Íslands hlaut hvatningarverðlaun ADHD samtakanna á árinu fyrir ómetanlega þjónustu til handa börnum og fullorðnum með ADHD sem erfitt eiga með að nýta sér prentað mál. Verðlaunin voru afhent á málþinginu *Konur – vitund og valdefling* sem haldið var í Garðabæ. Hvatningarverðlaunin eru viðurkenning sem stjórn ADHD samtakanna úthlutar til þeirra sem lagt hafa sitt af mörkum til að bæta lífsgæði fólks með ADHD á Íslandi.

Nýr vefur og unnið að nýju appi

Jafnt og þétt er unnið að því að bæta stafræn miðlunarkerfi safnsins og gera þau öruggari, bæði hvað varðar rekstur og öryggi gagna. Á árinu var stigið stórt skref í þessa átt með hönnun og uppsetningu nýs bakendakerfis miðlunar. Í framhaldi var unnið að því að innleiða nýtt app frá Nota, danska hljóðbókasafninu, og er stefnt að því að nýja appið komist í loftið um mitt ár 2025.

Marín Guðrún Hrafnadóttir, forstöðukona Hljóðbókasafns Íslands



BLINDRAFÉLAGIÐ

Samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
STOFNAÐ 1939



Hamrahlíð 17 - 105 Reykjavík - Sími:525 0000 - blind.is - blind@blind.is